



**Skipulagsstofnun
b/t Jakobs Gunnarssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík**

Borgarnesi, 29. ágúst 2023

Efni: Viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða framkvæmd við nýja urðunarrein í Fíflholtum

Vísað er til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 11. ágúst sl., um tilkynningu Sorpurðunar Vesturlands hf. til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaðrar stækkunar urðunarstaðar félagsins í Fíflholtum á Mýrum.

Í tilkynningu Sorpurðunar Vesturlands hf. til Skipulagsstofnunar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér röskun á 3,3 ha votlendissvæði. Þar af fari um 32.500 m² (3,25 ha) af votlendi undir reinina sjálfa, auk þess sem u.þ.b. 500 m² (0,05 ha) raskist vegna ofanvatnsskurðar sem grafinn verður norðan og norðaustan við reinina. Við nánari samanburð við vistgerðakort hefur komið í ljós að röskunin verður nokkru minni, þ.e. samtals um 2,5 ha (24.500 m² (2,45 ha) af votlendi undir rein og 500 m² (0,05 ha) vegna ofanvatnsskurðar). Engu að síður er þessi röskun yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga. Í samræmi við ákvæði greinarinnar, og eins og fram kemur í tilkynningunni, verður þessi fyrirhugaða röskun sérstaklega tilgreind í umsókn til sveitarstjórnar um framkvæmdaleyfi og umsóknin væntanlega meðhöndluð í sveitarstjórn í samræmi við það með því að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og senda stofnuninni afrit af útgefnu leyfi.

Af nánari skoðun á kortagögnum má ætla að vistgerðakort af umræddu svæði gefi ónákvæma mynd af þeim vistgerðum sem í reynd eru á svæðinu. Af þeim sökum og til að tryggja að réttar upplýsingar um stærð þess votlendis sem raskast liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast, hyggst Sorpurðun Vesturlands hf. óska eftir samstarfi við Landgræðsluna eða aðra þar til bæra fagaðila um nánari kortlagningu á svæðinu. Niðurstöður þeirrar kortlagningar ættu síðan að geta nýst við leiðréttingar og uppfærslu á vistgerðakortinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé hluti af mjög stóru svæði (Mýrum og Löngufjörum) sem sé á B-hluta Náttúruuminjaskrár. Um sé að ræða votlendisheild með hátt verndargildi. Heildarflatarmál umrædds svæðis er 1.302,91 km² (130.291 ha) og telst það því vera annað stærsta samfellda votlendissvæði á Íslandi (á eftir Arnarvatnsheiði). Sorpurðun Vesturlands hf. tekur undir það sjónarmið að gæta beri sérstakrar varúðar þegar ráðist er á framkvæmdir á slíku svæði, sbr. fyrrnefnda vísun í 61. gr. náttúruverndarlaga í tilkynningu félagsins til Skipulagsstofnunar.

Í tengslum við upphaflega uppbyggingu urðunarstaðar í Fíflholtum var ákveðið að ráðast í umtalsverða endurheimt votlendis til að veða upp á móti þeirri röskun sem urðunarstaðurinn kæmi til með að hafa í för með sér. Á þeim tíma var endurheimtarverkefninu ætlað að veða upp á móti allri þeirri röskun votlendis sem gæti hugsanlega orðið vegna urðunarstaðarins þegar hann yrði kominn í fulla stærð. Í samræmi við þetta var endurheimt mun stærra svæði en sem nemur heildarflatarmáli urðunarstaðarins miðað við fulla stærð hans. Nánar tiltekið var það metið svo á þeim tíma að með verkefninu væru endurheimt a.m.k. 150 ha votlendissvæði. Heildarstærð urðunarsvæðisins skv. aðalskipulagi Borgarbyggðar er hins vegar um 65 ha og þar af er sjálfur urðunarstaðurinn um 40 ha að fyrirhugaðri stækkun meðtalinni. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hið endurheimta votlendi er allt innan svæðisins sem tilgreint er á B-hluta Náttúruminjaskrár (sjá framar).

Með þessu bréfi fylgir nánari lýsing á umræddu endurheimtarverkefni, þ.e.:

- 1. Afrit af bréfi Sorpurðunar Vesturlands hf. til Náttúruverndar ríkisins, dags. 22. apríl 2003**
- 2. Afrit af samningi Sorpurðunar Vesturlands hf. við eiganda jarðarinnar Saura í Borgarbyggð um leyfi til að stífla frárennsli úr Álftavatni og Bæjartjörn í landi Saura „á þann veg að framkvæmdin verði tekin gild sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis“**
- 3. Mat Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., dags. 6. febrúar 2002 á árangri endurheimtar votlendis í landi Saura**

Með hliðsjón af framanskráðu lítur Sorpurðun Vesturlands hf. svo á að nú þegar hafi verið gripið til ráðstafana til mótvægis við þá röskun votlendis sem verða mun vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Engu að síður verða ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga lögð til grundvallar þegar kemur að umsókn um framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. það sem fram kemur í tilkynningu Sorpurðunar Vesturlands hf. til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu.

Virðingarfyllst


Hrefna Bjónsdóttir, framkvæmdastjóri



Sorpurðun Vesturlands

Borgarnesi, 22. apríl 2003.

Náttúruvernd ríkisins
Árni Bragason, forstöðumaður
Skúlagata 21
101 Reykjavík.

Endurheimt Votlendi vegna Fíflholta á Mýrum.


Samkvæmt starfsleyfi sem gefið var út vegna urðunarstaðarins Fíflholta á Mýrum var leyfið veitt með því skilyrði að endurheimta þyrfti votlendi í stað þess svæðis sem skilgreint hefur verið sem urðunarsvæði.

Fulltrúar frá Votlendisnefnd tóku út það svæði sem hefur verið endurheimt og mælti nefndin með því að svæðið yrði tekið gilt sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis tengdri urðun sorps í landi Fíflholta.

Meðfylgjandi er vottun frá VST og staðfest ljósrit af þinglýstum samningi sem gerður hefur verið við Hannes Blöndal, eiganda jarðarinnar Saura.

Með von um að hér sé um fullnægjandi aðgerðir að ræða.

Virðingarfyllst


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Einnig sent Umhverfisstofnun og Votlendisnefnd.

512/03

Sorpurðun Vesturlands hf. kt. 530697-2829, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, hér eftir nefnd SV og Hannes Blöndal, kt. 100137-4379, Búlandi 7, Reykjavík og eigandi jarðarinnar Saura í Borgarbyggð, hér eftir nefndur Hannes, gera með sér svofellðan

Rétt ljósrit staðfestir

SAMNING



dags. 27.03.2003.

Hrefna B. Jónsdóttir

1. gr.

Hannes gefur SV leyfi til að stífla frárennsli úr Álftavatni og Bæjartjörn í landi Saura í Borgarbyggð á þann veg að framkvæmdin verði tekin gild sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis sem tengist urðun sorps í landi Fíflholta í Borgarbyggð.

2. gr.

Við framkvæmdina skal SV hafa fullt samráð við þá aðila sem málið varðar auk samningsaðila, svo sem Votlendisnefnd og Náttúruvernd ríkisins.

3. gr.

Til að tryggja varanlegan árangur framkvæmdanna eru samningsaðilar sammála um að allt jarðrask og framkvæmdir á svæði Álftavatns og Bæjartjarnar og nánasta umhverfi þeirra verði háð samþykki samningsaðila og Náttúruverndar ríkisins.

4. gr.

Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðinni Saurum í Borgarbyggð.

5. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Borgarnesi, 14. febrúar 2002.

Vitundarvottar að rétttri dags.
og undirskrift aðila.

Feiga Karðadóttir
030268-5839

Ólafur
221265-4839

Hannes Blöndal

Hannes Blöndal.

F.h. Sorpurðunar Vesturlands hf.

Hrefna B. Jónsdóttir

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Skjal nr. 512/2003
Móttekið til þinglýsingar 26.03.03
Innfærni í þinglýsingabók
Þinglýsingargjald kr. 1200
Stämpilgjald kr. 1
Stämpilsekt kr. 1200

Stimpillýsing



Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

Bjarnarbraut 8 • 310 Borgarnes • Sími 437 1317 • Bréfsími 437 1311

Sorpurðun Vesturlands hf
Hrefna Jónsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Tilv. yðar

Bréf yðar

Tilv. vor
2001.0623

Dags.
6. febrúar 2002

**Málefni: Endurheimt votlendis í landi Saura í Borgarbyggð.
Stíflur við Álftatjörn og Bæjarvatn.**

Undirritaður fór ásamt Hrefnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands og Guðbrandi Brynjúlfssyni stjórnarmanni í Sorpurðun Vesturlands þann 25. janúar sl. og skoðað ofangreind vötn og stíflumannvirki.

Vötnin eru rétt austan við Miklaholtsveg og sunnan við Snæfellsnesveg.


Bæði vötnin voru þakkafull af ísalögðu vatni. Því markmiði er náð að endurheimta votlendi vatnanna og næsta nágrenni þeirra.

Stærð Álftatjarnar er um 18 ha og Bæjarvatns um 25 ha, þessar stærðir eru mældar af korti í mælikvarða 1:50000.

Með endurfyllingu vatnanna hefur endurheimst talsvert stærra votlendissvæði en nemur flatamáli þeirra. Þetta svæði er vart undir 150 ha, að mati undirritaðs.

Bestu kveðjur

F. h. VST



Jón Ágúst Guðmundsson

C:\verk\Fúthol\Bref060202.doc

Póstfang:	108 Reykjavík	600 Akureyri	310 Borgarnes	400 Ísafjörður
Heimilisfang:	Ármúla 4	Glerárgötu 30	Bjarnarbraut 8	Hafnarstræti 1
Sími:	569 5000	462 2543	437 1317	456 3708
Bréfsími:	569 5010	461 1190	437 1311	456 3965
Netfang:	vst@vst.is	haraldur@vst.is	jag@vst.is	arni@vst.is